

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 1/2006

Passport Kvikmyndir

gegn

Samkeppniseftirlitinu

I.

Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með bréfi, dags. 1. desember 2005, hafa Passport Kvikmyndir kært þá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, sem tilkynnt var fyrirtækinu með bréfi, dags. 24. nóvember 2005, að hafna kröfu um endurupptöku máls er varðar kvörtun áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar yfir úthlutun Kvikmyndamiðstöðvar Íslands (KMÍ) á framleiðslustyrkjum.

Kæra áfrýjanda var upphaflega send iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, sem framsendi hana áfrýjunarnefndinni með bréfi, dags. 13. janúar 2006, þar sem ráðuneytið taldi ljóst að ekki væri kæruleið til staðar milli Samkeppniseftirlitsins og viðskiptaráðherra. Áfrýjunarnefndin taldi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins kæránlega til nefndarinnar. Áfrýjanda hafði hins vegar ekki verið leiðbeint um kærurétt sinn, sbr. 2. tl. 2. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þá kom fram í bréfi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins að kærán hefði borist ráðuneytinu 5. desember 2005 en fyrir mistök hefði hún ekki verið

ekki framsend fyrr til áfrýjunarnefndarinnar. Telur áfrýjunarnefndin kærufrest hafa rofnað er ráðuneytinu barst kæran, sbr. 2. mgr. 7. gr. stjórnslulaga. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála ákvað því með hliðsjón af framangreindu að taka kærana til efnislegrar meðferðar.

Af kæru áfrýjanda má ráða að hann krefjist þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að Samkeppniseftirlitinu verði gert að endurupptaka málið.

Af hálfu Samkeppnisstofnunar er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

II.

Helstu málavextir

Mál þetta á rætur að rekja til kvörtunar áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar, dags. 1. ágúst 2004, þar sem kvartað var yfir úthlutun KMÍ á framleiðslustyrkjum til framleiðslu kvikmynda í fullri lengd árið 2003 og vilyrðum fyrir framleiðslustyrkjum árið 2004. Taldi áfrýjandi stjórnslu og starfsemi KMÍ ekki vera í samræmi við kvikmyndalög, stangast á við samkeppnislög og að stjórnslu KMÍ hefði valdið honum tjóni. Með ákvörðun sem kynnt var áfrýjanda með bréfi, dags. 4. febrúar 2005, taldi Samkeppnisstofnun ekki ástæðu til íhlotunar í málinu. Ákvörðunin var kærð til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem staðfesti hana með úrskurði í máli nr. 4/2005, uppkveðnum hinn 5. júní 2005.

Með bréfi til Samkeppniseftirlitsins, dags. 18. október 2005, óskaði áfrýjandi eftir því að málið yrði endurupptekið og að frekari gagna yrði aflað. Vísaði hann máli sínu til stuðnings til 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 og 39. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Var sérstaklega farið fram á að sá liður í upphaflegri kvörtun áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar, dags. 1. ágúst 2004, um úthlutanir framleiðslustyrkja KMÍ árið 2003 yrði sérstaklega athugaður og endurupptekinn vegna ætlaðra brota á 10. gr.

Samkeppnislaga vegna mismunar KMÍ á fyrirtækjum í sams konar viðskiptum með ólíkum skilmálum. Fór áfrýjandi fram að aflað yrði umsagna kvikmyndaráðgjafa um kærðar umsóknir og umsókn áfrýjanda, sölumats á kærðum verkefnum sem hlotið hefðu styrkveitingu, gagna um vilýrði fyrir fjármagni til þessara verkefna dagsettra fyrir júní 2003 og gagna um vilýrði frá framleiðendum fyrir sama tíma.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins til áfrýjanda, dags. 24. nóvember 2005, var endurupptökukröfu hans hafnað. Færði eftirlitið þau rök fyrir ákvörðun sinni að endurupptökubeiðni áfrýjanda byggðist á misskilningi. Eins og fram hefði komið með skýrum hætti í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 4/2005 væri það ekki hlutverk samkeppnisyfirvalda að fjalla um úthlutun KMÍ á framleiðslustyrkjum til einstakra kvikmyndaverka. Krafa um endurupptöku á þeim grunni að ekki hafi legið fyrir nægjanlega ítarleg rök til mats á úthlutun KMÍ á framleiðslustyrkjum væri ekki tæk til meðferðar sökum þess að slíkt mat ætti ekki undir samkeppnisyfírvöld. Áfrýjunarnefndin hefði enn fremur staðfest það mat Samkeppnisstofnunar að regluverk KMÍ uppfyllti skilyrði samkeppnislaga um málefnalegar og hlutlægar reglur þegar kæmi að úthlutun ríkisstyrkja. Ekkert hefði komið fram í málinu sem benti til þess að sú niðurstaða hefði byggst á ófullnægjandi upplýsingum né að atvik hefðu breyst verulega frá því að ákvörðun Samkeppnisstofnunar var tekin.

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð Samkeppniseftirlitsins barst 10. febrúar 2006. Athugasemdir áfrýjanda bárust 2. mars 2006. Af hálfu Samkeppniseftirlitsins bárust ekki frekari athugasemdir.

III.

Helstu röksemdir málsaðila

Röksemdir áfrýjanda

Af hálfu áfrýjanda er vísað til þess að hann hafi í endurupptökubeiðni sinni ekki krafist þess að samkeppnisyfírvöld fjölluðu um úthlutun KMÍ á framleiðslustyrkjum heldur vísað til þess að meðferð KMÍ á umsóknum árið 2003 hafi brotið gegn 10. gr.

samkeppnislaga. Telur áfrýjandi þetta skýrt brot og auðsannað svo framarlega sem málið fái eðlilega meðferð yfirvalda og að öll gögn séu lögð fram í málinu.

Áfrýjandi vísar til þess að fulltrúi KMÍ hafi ekki starfað innan ramma samkeppnis- eða stjórnsýslulaga. Samkvæmt úrskurði menntamálaráðuneytisins frá 27. maí 2004 hafi KMÍ brotið stjórnsýslulög vegna meðferðar sinnar á umsóknum frá áfrýjanda. Ekki hafi ráðuneytið litið á það sem misskilning áfrýjanda að KMÍ kynni að hafa brotið stjórnsýslulög þegar málið hafi verið kært, eða að ráðuneytið þyrfti að fjalla um umsóknir til KMÍ til að leggja mat á hvort lög hafi verið brotin. Ráðuneytið hafi ekkert fjallað um umsóknir áfrýjanda til KMÍ eða úthlutanir, heldur aðeins um hvernig afgreiðsla þeirra hafi farið fram.

Röksemdir Samkeppniseftirlitsins

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er vísað til forsenda hinnar kærðu ákvörðunar. Telur eftirlitið að ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að mál áfrýjanda hafi ekki verið nægjanlega upplýst áður en það kom til ákvörðunar. Því séu skilyrði endurupptöku ekki uppfyllt.

IV.

Niðurstaða

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála fær ekki séð að röksemdir þær sem áfrýjandi hefur fært fram fyrir kröfu sinni um endurupptöku málsins geti leitt til þess að unnt sé að fallast á hana, enda hefur ekkert nýtt komið fram í málinu sem styðji slíka kröfu. Með vísun til þessa, svo og þeirra röksemda sem fram koma í bréfi Samkeppniseftirlits til áfrýjanda, dags. 24. nóvember 2005, telur nefndin því óhjákvæmilegt að hafna kröfu áfrýjanda.

Úrskurðarorð:

Staðfest sú ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sem kynnt var áfrýjanda með bréfi dags. 24. nóvember 2005, að hafna kröfu hans um endurupptöku málsins.

Reykjavík, 21. mars 2006

Páll Sigurðsson

Anna Kristín Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir